

16 FEB 2016

Berist til: Skipulagsnefndar Mosfellsbæjar

## Fyrirspurn vegna Uglugötu 32-38 og 40-46

Góðan daginn,

Í umboði lóðarhafa „JP Capital ehf.“ (621107-0700), Ármúla 38, 108 Reykjavík, óskar undirritaður Gunnar Páll Kristinsson, arkitekt hjá Rýma arkitektum, Stórhöfða 17, 112 Reykjavík, eftir heimild til að leggja fram tillögur að breytingum á deiliskipulagi. Tillögur þessar eru í samræmi við meðfylgjandi teikningar fyrir eftirtaldar lóðir:

### Uglugata 32-38

Óskað er eftir því að stækka lóð og fjölga íbúðum um átta.

Fjöldi íbúða yrði alls 16.

Húsgerðir: hús nr. 32, 34, 36 og 38 yrðu tveggja hæða sérhæðahús. Allar íbúðir verða með sérinngangi að utanverðu.

Bílastæðahús tengir saman sérhæðahúsin og hafa allar íbúðir eitt stæði í bílastæðahúsi.

Íbúðir verða á stærðarbilinu 60-140 m<sup>2</sup> brúttó.

2 bílastæði verða pr. íbúð.

Annað er óbreytt.

### Uglugata 40-46

Óskað er eftir því að minnka lóð og fjölga íbúðum um tvær.

Fjöldi íbúða yrði alls 8.

Húsgerðir: hús nr. 40, 42, 44 og 46 yrði tveggja hæða sérhæðahús. Allar íbúðir verða með sérinngangi að utanverðu.

Allar íbúðir verða á stærðarbilinu 90-140 m<sup>2</sup> brúttó.

Bílastæði á lóð verða 12 talsins.

1 bílastæði fyrir íbúðir minni en 80 m<sup>2</sup>, 2 stæði fyrir íbúðir stærri en 80 m<sup>2</sup>.

Ekkert bílastæðahús verður á lóðinni.

Annað er óbreytt.

Meðfylgjandi fylgiskjöl:

-5 fyrirspurnarteikningar

Dagsett: 16.02.2016

Virðingarfyllst,



Gunnar Páll Kristinsson arkitekt

gunnarvall@ryma.is